

Stígðu fram!

Hlutverkaleikur um mannréttindi, loftslagsréttæti og umhverfismál.

Leiðbeiningar:

Afhentu hlutverkaspjöldin af handahófi, eitt á mann. Segðu þátttakendum að halda þeim fyrir sig og ekki sýna þau neinum öðrum.

- Segðu þeim að lesa það sem á þeim stendur og reyna að lifa sig inn í hlutverk sín. Hjálpaðu þeim með því að lesa einhverjar af eftirfarandi spurningum upphátt, og hafðu stutt hlé á milli, svo að þeir geti velt hlutunum fyrir sér og byggt upp mynd af persónunni og ævi hennar:
- Hvernig var æska þín? Í hvernig húsi áttir þú heima? Hvernig lékst þú þér? Við hvað unnu foreldrar þínir?
 - Hvernig er daglegt líf þitt núna? Hverja umgengst þú? Hvað gerir þú á morgnana, síðdegis og á kvöldin?
 - Hvernig eru lífsvenjur þínar? Hvar áttu heima? Hvað ertu með í tekjur á mánuði? Hvað gerir þú í frístundum þínum? Hvað gerir þú í fríum?
 - Hvað finnst þér spennandi og hvað hræðist þú?

Segðu nú þátttakendum að raða sér upp hlið við hlið í beina röð.

Segðu þeim að þú ætlir að lesa upp lista yfir aðstæður eða atvik. Í hvert sinn sem þeir geta svarað setningu með „já“ mega þeir taka skref áfram. Annars verða þeir að vera þar sem þeir eru og mega ekki færa sig.

Lestu lýsingarnar á aðstæðum, eina í einu. Taktu smá hlé eftir hverja lýsingu til að gefa þátttakendum tíma til að stíga fram og líta í kringum sig og sjá hvar þeir standa miðað við aðra.

Í lokin skaltu biðja alla að athuga hver lokastaða þeirra er. Gefðu þeim síðan nokkrar mínútur til að fara út úr hlutverkinu áður en samantektin hefst.

Fullyrðingar

- Ég hef kost á því að mennta mig
- Ég hef efni á að kaupa mat á hverjum degi
- Ég hef klósett og hreint vatn heima hjá mér
- Ég bý í hverfi þar sem umhverfið er fallett og almenningsgarður nálægt
- Ég bý í hverfi þar sem svifryksmengun er ekki vandamál
- Ég get talað við forsætisráðherra ef ég virkilega legg mig fram um það
- Ég á farsíma og hef aðgang að neti daglega
- Loftslagshamfarir munu líklega ekki hafa gífurleg áhrif á líf mitt næstu 10 árin
- Loftslagshamfarir munu líklega ekki hafa gífurleg áhrif á líf mitt næstu 50 árin
- Ef að það kemur flóð, á ég auðvelt með að flýja
- Ef það koma upp skógaeldar eða flóð í nærumhverfinu mínu, þá hafa þeir líklega ekki slæm áhrif á innkomu mína
- Ég ræð hverjum ég giftist
- Ég hef kosningarétt og get kosið
- Ef ég lendi í miklu óveðri ætti ég auðvelt með að flýja og finna mér nýjan samastað
- Ég get haft áhrif á umhverfismálin í samfélaginu mínu
- Ég lifi skemmtilegu lífi og er bjartsýn/n á framtíðina

Spyrjið þátttakendur eftirfarandi spurninga í lokin

Hvernig fannst þátttakendum að taka skref áfram – eða ekki?

Hvenær fóru þeir sem tóku oft skref áfram að taka eftir því að aðrir hreyfðust ekki jafnhratt og þeir?

Fannst einhverjum koma upp aðstæður þar sem grundvallarréttindi þeirra voru hunsuð?

Geta þátttakendur giskað á hvert hlutverk hinna er? (Þátttakendur eiga að greina frá hlutverkum sínum þegar þarna er komið í umræðunni.)

Hvernig gekk að leika þessi hlutverk? Hvernig ímynduðu þátttakendur sér útlit persónunnar sem þeir voru að leika?

Endurspeglar verkefnið þjóðfélagið á einhvern hátt? Hvernig?

Hvaða mannréttindi voru í húfi í hverju hlutverki? Gat einhver fullyrt að mannréttindi hans væru ekki virt eða stæðu honum ekki til boða?

Hver gætu fyrstu skrefin verið í baráttunni gegn misrétti í þjóðfélaginu?

Klippið hlutverkin út og deilið á þátttakendur.

Heimilislaust barn í Mósambík

Nemandi í Verzlunarskóla Íslands

Loftslagsflóttamaður frá Guatemala

Nemandi í viðskiptafræði við Oslóarháskóla

Einstæð móðir tveggja barna í fátæku landi

Forstjóri stórs smíðafyrirtækis í New York

Innflytjandi frá Pakistan sem starfar við smíðar í New York

Læknir við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi

Sýrlenskur flóttamaður í flóttamannabúðum

Leikari í Hollywood

Nýútskrifaður stúdent úr Menntaskólanum á Egilsstöðum

Samkynhneigður einstaklingur í Moskvu

Prófessor við Oxfordháskóla

Barn frá Indlandi ættleitt til íslenskrar fjölskyldu

Nítján ára, sonur bónda í afskekktu fjallahéraði í Íran

Liðsmaður í Bandaríska hernum, gegnir herskyldu núna

Fatlaður íslenskur maður sem er bundinn við hjólastól

Alnæmissmituð, miðaldra vændiskona í Amsterdam

Ólöglegur innflytjandi frá Malí

Sonur kínversks innflytjanda sem rekur vinsælan skyndibitastað á Íslandi

Dóttir bandaríska sendiherrans á Íslandi

Lögfræðingur í Úkraínu

Hjúkrunarfræðingur í flóttamannabúðum í Jemen

Grunnskólanemandi í Stokkhólmi

Forseti Tógó í Afríku

Námuverkamaður í Rússlandi

Einstæð móðir í fátæku hverfi í Úkraínu

Flóttamaður í flóttamannabúðum í Bandaríkjunum

Aldraður öryrki á Raufarhöfn

Kona á flóttu frá Pakistan